



Fundargerð

**26. fundur Hreppsnefndar Ásahrepps haldinn á skrifstofu Ásahrepps að Laugalandi í Holtum.,
Miðvikudaginn 15. maí 2024, kl. 08:30.**

Fundinn sátu:

Ísleifur Jónasson, Nanna Jónsdóttir, Práinn Ingólfsson, Helga Björg Helgadóttir, Kristín Hreinsdóttir var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Reynir Örn Pálmason og Valtýr Valtýsson.

Fundargerð ritaði: Valtýr Valtýsson, sveitarstjóri.

Oddviti gerði tillögu um dagskrárbreytingu að inn komi nýr dagskrárliður nr. 32 og aðrir liðir færast til sem því nemur. Samþykkt samhljóða.

1. Fundargerð 279. fundar skipulagsnefndar UTU - 2405010

Lögð fram fundargerð 279. fundar skipulagsnefndar UTU ásamt fundargerð 203. afgreiðslufundi byggingarfulltrúa UTU.

Mál nr. 1; Sigöldustöð; Sigölduvirkjun L165348; Aðstöðuhús; Deiliskipulagsbreyting - 2404050.

Óskað er eftir heimild til að breyta deiliskipulagi Sigöldustöðvar, breytingin nær til Ásahrepps og Rangárþings ytra. Vegna fyrirhugaðrar stækkunar virkjunarinnar þarf að gera ráð fyrir ýmiss konar aðstöðu fyrir starfsfólk og verktaka. Í Ásahreppi er reiknað með að vera með sprengiefnageymslu. Líkleg staðsetning er á steiptum grunni sem er til staðar norðan við inntak virkjunar, skammt frá Krókslóni. Aðkoma yrði um veg sem liggur með inntaksskurði. Svæðið er nokkuð afskekkt og ólíklegt að fólk verði þar á ferli því fara þyrfti í gegnum framkvæmdasvæðið. Aðstaða starfsfólks, steypustöð, verkstæði, lagersvæði, vatnsból og haugsvæði verður sunnan Tungnaár, í Rangárþingi ytra. Reiknað er með umferð stórra bíla um vað á Tungnaá, skammt fyrir ofan Sigöldufoss. Vaðið hefur áður verið notað vegna viðhalds mannvirkja í Ásahreppi. Með því að umferð stórra bíla fari um vaðið minnkar þörf fyrir akstur um Fjallabaksleið nyrðri.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að gera ekki athugasemd við að heimild verði veitt fyrir vinnslu deiliskipulagsbreytingar á grundvelli framlagðrar beiðni.

Mál nr. 20; Afgreiðslur byggingarfulltrúa - 24-203 - 2404002F.

Lögð fram til kynningar fundargerð afgreiðslufundar byggingarfulltrúa nr. 24-203.

2. Fundargerð 280. fundar skipulagsnefndar UTU - 2405025

Lögð fram fundargerð 280. fundar skipulagsnefndar UTU ásamt fundargerð afgreiðslufundar byggingarfulltrúa UTU nr. 24-204.

Mál nr. 1; Holtamannafréttur; Skilgreining efnistökusvæðis; Aðalskipulagsbreyting - 2405016.

Lögð er fram beiðni frá Landsvirkjun er varðar skilgreiningu efnistökusvæði á austanverðum

Röð
H
H
H
H

Búðarhálsi, milli Tungnaár og vegarins að Sporðöldustíflu innan aðalskipulags Ásahrepps. Efnistökusvæðið er á gildandi deiliskipulagi Búðarhálsvirkjunar, merkt E3. Stærð námu verði 2,3 ha og heimiluð efnistaka 33 þús m³.

Hreppsnefnd Ásahrepps bendir á að innan aðalskipulags Ásahrepps er skilgreint efnistökusvæði E8 á umræddu svæði. Er svæðið skilgreint sem náma vegna vegagerðar, 1 ha að stærð með efnismagni allt að 10.000 m³. Hreppsnefnd Ásahrepps gerir ekki athugasemd við að unnin verði breyting á aðalskipulagi þar sem stærð og efnismagn svæðisins verði aukið í takt við framlagða umsókn. Mælist hreppsnefndin til þess að leitað verði álits Skipulagsstofnunar á því hvort umrædd breyting gæti talist óveruleg breyting á aðalskipulagi í samræmi við 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga.

Mál nr. 26; Afgreiðslur byggingarfulltrúa - 24-204 - 2404004F.

Lögð fram til kynningar fundargerð afgreiðslufundar byggingarfulltrúa nr. 24-204.

3. Fundargerð kjörstjórnar Ásahrepps, dags. 7. maí 2024 - 2405022

Lögð fram fundargerð kjörstjórnar Ásahrepps, dags. 7. maí 2024. Kjörstjórn samþykkir samhljóða að kjörfundur vegna forsetakosninga þann 1. júní 2024 verði frá klukkan 10:00 til 18:00. Einnig kemur fram ábending frá kjörstjórn um ófullnægjandi aðstæður til að halda kjörfund í félagsheimilinu Ásgarði, að teknu tilliti til forskrift arLandskjörstjórnar um aðgengi á kjörstað.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að taka undir með kjörstjórn, að Ásgarður sé ekki ásættanlegur kjörstaður vegna aðstæðna og ástands hússins. Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að kjörfundur Ásahrepps verði haldinn að Laugalandi og sveitarstjóra ásamt formanni kjörstjórnar falið að útfæra skipulag og framkvæmd kjörfundar og að þessi breyting verði kynnt vel og leiðbeiningar þar um settar upp.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða fyrirbyggjandi fundargerð.

4. Nefnd um göngu-, reiðhjóla- og reiðleiðir í Ásahreppi - 7 - 2404001F

Lögð fram fundargerð 7. fundar nefndar um göngu-, reiðhjóla- og reiðstíga í Ásahreppi.

Sveitarstjórn Ásahrepps staðfestir fyrirbyggjandi fundargerð samhljóða.

4.1 2404027 - Staða framkvæmda á útivistarstíg um Faxatröð

Lögð fram fundargerð 1. verkfundar og hreppsnefnd staðfestir hana samhljóða. Hreppsnefnd samþykkir samhljóða að styrkja kant og ræsi, eins og fram kemur í fundargerð. Jafnframt samþykkir sveitarstjórn samhljóða að kaupa það efni af verktaka sem lagt hefur verið út frá Ásmundarstöðum að ræsi, ca 300 m, að því gefnu að landeigandi samþykki að sveitarfélagið hafið fullt aðgengi og umferðarrétt um slóðann til frekari uppbyggingu reiðvega sem tengjast þessum útivistarvegi sem liggur um Faxatröð. Formanni og sveitarstjóra falið að vinna málið áfram.

4.2 2404028 - Reiðstígur frá Ásmundarstöðum að Faxatröð

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða og vísar í bókun liðar 4.1.

4.3 2309001 - Ákvörðun um næstu skref

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir að lögð verði áhersla á að tengja reiðstíginn um Faxatröð norður með mörkum Ásmundarstaða í átt að Riddaragarði, þar sem opnað væri fyrir tengingar Ásmundarstaða, Berustaða, Fákshóla, Litla-Lands og Áshóls. Nefndinni er falið að vinna áfram með þessa hugmynd með hlutaðeigandi landeigendum um legu stígsins. Hreppsnefnd óskar eftir upplýsingum frá nefndinni um kostnaðaráætlun fyrir þennan stíg, útfærslu, gerð og uppbyggingu hans. Hreppsnefnd Ásahrepps beinir því til nefndarinnar að skoða möguleika um tengingu Faxatraðar við Ásveg.

4.4 2302019 - Umsókn til reiðveganeftdar Geysis vegna hugmynda um reiðvegagerð í

Ásahreppi

Hreppsnefnd Ásarhepps samþykkir samhljóða.

5. **Fundargerð 236. fundar stjórnar Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs. - 2405013**
Lögð fram fundargerð 236. fundar stjórnar Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs. ásamt ársreikningi 2023.
*Hreppsnefnd Ásahrepps staðfestir ársreikninginn fyrir sitt leyti.
Fundargerð að öðru leyti til kynningar.*
6. **Fundargerð 23. fundar stjórnar Odda bs. - 2405014**
Lögð fram fundargerð 23. fundar stjórnar Odda bs.
Til kynningar.
7. **Fundargerð 24. fundar stjórnar Odda bs. - 2405015**
Lögð fram fundargerð 24. fundar stjórnar Odda bs.
Til kynningar.
8. **Minnisblað vegna fundar Landsvirkjunar með fulltrúum sveitarstjórna Rangárþings ytra og Ásahrepps - 2405003**
Lagt fram minnisblað vegna fundar fulltrúa sveitarstjórna Rangárþings ytra og Ásarhepps með fulltrúum Landsvirkjunar sem haldinn var 15. apríl 2024.
Til kynningar.
9. **Fundargerð fundar Héraðsráðs Héraðsnefndar Rangæinga, 18. apríl 2024 - 2405005**
Lögð fram fundargerð héraðsráðs Héraðsnefndar Rangæinga, dags. 18. apríl 2024.
Til kynningar.
10. **Fundargerð stjórnar Skógasafns, dags. 12. mars 2024 - 2405008**
Lögð fram fundargerð stjórnar Skógasafns, dags. 12. mars 2024.
Til kynningar.
11. **Fundargerð aðalfundar Skógasafns, 22. apríl 2024. - 2405009**
Lögð fram fundargerð aðalfundar Skógasafns, dags. 22. apríl 2024, ásamt ársreikningi 2023 og endurskoðunarskýrslu.
Til kynningar.
12. **Fundargerð 108. fundar stjórnar UTU - 2405000**
Lögð fram fundargerð 108. fundar stjórnar Umhverfis- og tæknisviðs Uppsveita bs.
Til kynningar.
13. **Fundargerð 109. fundar stjórnar UTU - 2405016**
Lögð fram fundargerð 109. fundar stjórnar Umhverfis- og tæknisviðs Uppsveita bs. ásamt ársreikningi fyrir rekstrarárið 2023.

Röð
Höf
167
109

Til kynningar.

14. Fundargerð 114. fundar svæðisráðs vestursvæðis VJÞ - 2405001

Lögð fram fundargerð 114. fundar svæðisráðs vestursvæðis Vatnajökulspjóðgarðar.

Til kynningar.

15. Fundargerð 115. fundar svæðisráðs VJÞ - 2405002

Lögð fram fundargerð 115. fundar svæðisráðs vestursvæðis Vatnajökulspjóðgarðs.

Til kynningar.

16. Fundargerð 71. fundar stjórnar Bergsisans bs - 2405004

Lögð fram fundargerð 71. fundar stjórnar Bergsisans bs.

Til kynningar.

17. Fundargerð 72. fundar stjórnar Bergsisans bs. - 2405023

Lögð fram fundargerð 72. fundar stjórnar Bergsisans bs.

Til kynningar.

18. Fundargerð 325. fundar stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands - 2405012

Lögð fram fundargerð 325. fundar stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands.

Til kynningar.

19. Fundargerð 235. fundar Heilbrigðisnefndar Suðurlands - 2405021

Lögð fram fundargerð 235. fundar Heilbrigðisnefndar Suðurlands.

Til kynningar.

20. Fundargerð 70. fundar stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga - 2405006

Lögð fram fundargerð 70. fundar stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga.

Til kynningar.

21. Fundargerð 71. fundar stjórnar Samtaka orkusveitarfélga - 2405007

Lögð fram fundargerð 71. fundar stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga.

Til kynningar.

22. Fundargerð 947. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga - 2405011

Lögð fram fundargerð 947. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Til kynningar.

23. Ársreikningur Ásahepps fyrir árið 2023; síðari umræða - 2405019

Lagður fram til síðari umræðu ársreikningur Ásahepps fyrir rekstrarárið 2023 ásamt sundurliðunum.

Helstu kennitölur samstæðureiknings eru eftirfarandi í þús. kr.:

Handwritten notes and signatures in blue ink, including the number 168 and various initials and marks.

REKSTRARREIKNINGUR:

Rekstrartekjur: 536.836
Rekstrargjöld: -460.580
Afskriftir: -24.413
Fjármagnsgjöld: -3.741
Rekstrarniðurstaða jákvæð: 48.102

EFNAHAGSREIKNINGUR

Fastafjármunir: 489.795
Veltufjármunir: 312.173
Eignir samtals: 801.967

Eigið fé: 617.054
Skuldbindingar: 7.064
Langtímaskuldir: 89.271
Skammtímaskuldir: 88.577
Eigið fé og skuldir samtals: 801.967
Handbært fé í árslok: 210.879

Veltufjárhlutfall: 3,52
Eiginfjárhlutfall: 76,9%
Skuldahlutfall: 34,4%
Jafnvægisregla - rekstrarjöfnuður: 57.055

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða fyrirbyggjandi ársreikning og staðfestir hann með áritun sinni.

24. Sameining sveitarfélaga - 2402022

Hreppsnefnd Ásahrepps hélt íbúafund þann 22. apríl 2024 þar sem sameining sveitarfélaga var umræðuefni fundarins. Fulltrúar KPMG stýrðu fundi og kynntu ýmsar forsendur sameiningarmála. Lögð var fram niðurstaða þess fundar sem KPMG hefur unnið úr svörum fundarmanna á fundinum.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að vera með skoðanakönnun um sameiningu sveitarfélaga samhljóða forsetakönnunum 1. júní 2024. Þessi ákvörðun er tekin í ljósi þess að dræm þátttaka var á íbúafundi sem haldinn var um sameiningu sveitarfélaga þann 22. apríl 2024. Hreppsnefnd telur að nauðsynlegt sé að fá skýrari leiðbeiningar frá íbúum sveitarfélagsins áður en frekari ákvörðun er tekin um sameiningarviðræður.

25. Uppfærsla á heimasíðu Ásahrepps - 2405017

Lagt fram tölvuskeyti Tactica ehf, dags. 19. apríl 2024, þar sem farið er yfir möguleika á að uppfæra heimasíðu Ásahrepps úr Drupal 7 í Backdrop CMS. Vinna við uppfærsluna má áætla um 4 klst og kostnaður því um 125 þús. kr. með VSK.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að uppfæra heimasíðuna og fá Tactica til að sjá um það verk.

26. Sameiginleg undirsíða fyrir frístundir í Rangárvallasýslu og Mýrdalshreppi - 2405018

Lagt fram tölvuskeyti Stefáns Friðriks Friðrikssonar hjá Rangárþingi eystra, dags. 29. apríl 2024, sem varðar sameiginlega undirsíðu fyrir frístundir í Rangárvallasýslu og Mýrdalshreppi.

Hreppsnefnd Ásahrepps tekur jákvætt í þessa hugmynd og óskar eftir frekari upplýsingum um verkefnið og kostnað við uppsetningu og rekstur þess.

RöP
HBH
WJ
EJ
IK
D

27. Fyrirspurn Fishpartners um stöðuhýsi við skálann á Þóristungum - 2405020

Lagt fram tölvuskeyti Fishpartners, dags. 19. apríl 2024, þar sem óskað er eftir afstöðu til þess að sett verði niður stöðuhýsi á Þóristungum, sem nýtt yrði sem starfsmannaaðstaða á staðnum.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að taka jákvætt í erindið.

28. Þingmál 899 og 900; þingsályktunartillaga og frumvarp til laga sem lýtur að vindorku - 2405024

Lögð fram tölvuskeyti frá nefndarsviði Alþingis þar sem sveitarfélaginu er gefinn kostur á að veita umsögn um þingmál 899 og 900. Um er að ræða:

Þingmál 899; tillaga til þingsályktunar um stefnu stjórnvalda um uppbyggingu vindorku á Íslandi.

Þingmál 900; frumvarp til laga um verndar- og orkunýtingaráætlun.

Einnig er lögð fram umsögn stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga um þessi þingmál.

Hreppsnefnd Ásahrepps tekur undir umsögn Samtaka orkusveitarfélaga.

Nanna Jónsdóttir vék af fundi við afgreiðslu þessa dagskrárliðar.

29. Endurskoðun samþykkt fyrir Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita bs; síðari umræða - 2404021

Lagðar fram til seinni og lokaumræðu endurskoðaðar samþykktir fyrir byggðasamlagið Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita. Einnig lögð fram fundargerð 110. fundara stjórnar UTU.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða fyrir sitt leyti tillögu að endurskoðuðum samþykktum fyrir Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita bs.

30. Bifreið utan þjóðveg nr. 1 móts við Hárlaugsstaði - 2405027

Lagt fram tölvuskeyti Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, dags. 17. apríl 2024, vegna bifreiðar utan Suðurlandsvegur á móts við Hárlaugsstaði. Heilbrigðiseftirlitið býðst til að sjá um að fjarlægja bifreiðina en kostnaðurinn yrði greiddur af Ásaheppi.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að fela Heilbrigðiseftirliti Suðurlands að fjarlægja umrædda bifreið fyrir hönd Ásahrepps.

31. Rekstraryfirlit sveitarsjóðs Ásahrepps - 2101011

Lagt fram rekstraryfirlit sveitarsjóðs Ásahrepps fyrir tímabilið 1. janúar - 30. apríl 2024.

Til kynningar.

32. Bréf Lögmanna Árbæ s/f, dags. 17. apríl 2024, Reið- og útivistarstígur um Faxatröð - 2405028

Lagt fram bréf Lögmanna Árbæ s/f, dags. 17. apríl 2024, þar sem kynnt er að Grétar H. Guðmundsson hyggist kanna rétt sinn hjá kærufnd útboðsmála varðandi verðkönnun Ásahrepps vegna lagningu reiðvegur um Faxatröð.

Til kynningar

33. Bréf Orlofssjóðs húsmæðra ásamt skýrslu og ársreikningi 2023 - 2405026

Lagt fram bréf Orlofssjóðs húsmæðra í Árnes- og Rangárvallasýslu, dags. 3. maí 2024, ásamt ársskýrslu og ársreikningi 2023.


Til kynningar.


34. Næsti fundur hreppsnefndar Ásahrepps - 2101018


Næsti reglubundni fundur hreppsnefndar Ásahrepps verður haldinn 26. júní 2024 á skrifstofu sveitarfélagsins að Laugalandi. Fundur hefst klukkan 8:30.

Til kynningar.


Fundi slitið kl. 13:40.



Ísleifur Jónasson


Nanna Jónsdóttir


Þráinn Ingólfsson


Helga Björg Helgadóttir


Reynir Örn Pálmason


Valtýr Valtýsson